

# Stjórnarfundur Geðhjálpar 18.08.2016

---

**Mættir:** Hrannar, Maggý, Halldóra, Sigprúður, Sveinn Rúnar, Kolbrún og Anna Gunnhildur.

- 1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar, undirskriftir(MHH).**  
Tvær síðustu fundargerðir lesnar upp og samþykktar.
- 2. Uppbygging Bataskóla í Reykjavík – framgangur málsins (AGÓ).**  
Anna Gunnhildur sagði frá því að Reykjavíkurborg (skóla- og frístundasvið og velferðarsvið) væri óformlega búin að lofa að taka þátt í rekstri bataskóla. Skólinn verður starfræktur í húsakynnum Námsflokkanna við Suðurlandsbraut. Stefnt er að því að formlega undirbúningsvinna hefjist í janúar. Jafnframt að tekið verði á móti fyrstu nemendunum haustið 2017.

Sérfræðingar í menntamálaráðuneytinu meta beiðni Geðhjálpar um þátttöku í verkefninu á fund sínum í ráðuneytinu 29. ágúst nk. Geðhjálpar og Reykjavíkurborg hafa sótt um 7 mkr. styrk til Virk til þróunar bataskóla.

- 3. Ábending RSK um fjölda stjórnarmanna (HJ,AGÓ).**  
RSK benti á að fjórða varamanninn vantaði í varastjórn Geðhjálpar. Samþykkt var að þakka fyrir ábendinguna og tilkynna að úr þessu yrði bætt á næsta aðalfundi félagsins.

- 4. Skipulag stefnumótunarvinnu (HJ, AGÓ).**

Stefnumótunarplaggið frá 2014 er í gildi til 2016. Rætt og reifað.

Samþykkt var að efna til stefnumótunarvinnu í húsnæði félagsins þann 24. september kl. 12:00- 16:00. Framkvæmdastjóra var falið að hafa samband við góðan fyrirlesara til að flytja innlegg á fundinum. Næsti stjórnarfundur verður haldinn 15. september.

- 5. Viðburðardagskrá – hugmyndir (HJ).**

Rætt og reifað. Upprifjun og spjall um það sem gert hefur verið.

Farið var yfir drög að dagskrá. Samþykkt að halda upp á afmæli Geðhjálpar sunnudaginn 9. október. Sveinn Rúnar verður með innlegg á batakvöldi.

- 6. Ritstjórn Geðhjálparblaðs (HJ).**

Geðhjálparblaðið verður að sjálfsögðu undir handleiðslu Önnu Gunnhildar. Samþykkt var að Sveinn Rúnar og Halldóra yrðu með henni í ritstjórn.

- 7. Kosningar í embætti á vegum ÖBÍ og til formanns í heilbrigðishópi (HJ).**

Hrannar las upp bréf frá ÖBÍ um nokkur laus stjórnarstörf innan samtakanna. Umsóknarfresturinn rennur út 14. september.

**8. Aukaframlag ÖBÍ og myndband (HJ).**

ÖBÍ kostar kynningarmyndbönd fyrir öll aðildarfélögin í tilefni af 55 ára afmæli bandalagsins.

Um er að ræða tvö myndbönd fyrir hvert félag. Annað á að fjalla um félagið sjálft. Hitt á að fjalla um helstu áherslupætti í starfsemi viðkomandi félags. Stjórnarmenn munu henda á milli sín hugmyndum um þemu á netinu.

**9. Umsókn um fjárstyrk vegna útgáfu handbókar um fjármálalæsi (HJ).**

Hrannar las upp umsókn um útgáfustyrk vegna handbókar um fjármálalæsi. Samþykkt var að stjórnarmenn myndu lesa handrit bókarinnar og fjalla um umsóknina á næsta fundi.

**10. Reykjavíkumaraþon (HJ, AGÓ).**

Tveir hlaupahópar hlaupa á vegum Geðhjálpar í ár. Annar hleypur fyrir almenna starfsemi Geðhjálpar og hefur safnað ríflega 400.000 kr. Hinn hleypur fyrir Útmeð'a verkefni Geðhjálpar og Hjálparsíma Rauða krossins og hefur safnað um 1,8 milljón króna. Stjórnarmenn voru hvattir til að mæta á hvatningarstöð Geðhjálpar á Vegamótum (Nesvegur 100) til að sýna þakklæti í verki kl. 10.30 þann 20. ágúst.

**11. Útmeð'a myndband og vefur, dagskrá 9. september (HJ).**

Anna Gunnhildur sagði frá því að forvarnarmyndband Útmeð'a yrði frumsýnt og vefur opnaður í tilefni af Alþjóðlegumforvarnardegi sjálfsvíga þann 10. september. Dagskráin fer fram í Neskirkju daginn áður eða 9. september kl. 15.00 og er að venju öllum opinn og ókeypis. Stjórnarmenn voru hvattir til að mæta á viðburðinn.

**12. Önnur mál.**

Halldóra sagði frá því að gerð hefði verið kvikmynd um ævi Garðars Sölva undir heitinu Glímt við geðklofa. Hún ætlar að komast að því hver gerði myndina.

**Fundi slitið kl. 18:49.**